

Eftirlit - Tannhvítunarvörur á vefsíðum

Dagsetning	17. ágúst 2020
Fyrirtæki	Lyfja hf.
Heimilisfang	Lágmúla 5, 108 Reykjavík
Kennitala	5310952279
Starfsemi	Smásala
Eftirlitsstaður	Lágmúla 5, 108 Reykjavík
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Ingunn Bjarkadóttir
Fulltrúi UST	Fífa Konráðsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Anna Sólmundardóttir

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með tannhvítunarvörum sem eru boðnar til sölu til almennings á vefsíðum og fór eftirlitið fram hjá Lyfju - Lágmúla þann 12.8.2020. Skoðaðar voru 4 vörur sem féllu undir umfang eftirlitsins. Engar vörur fundust sem innihéldu vetnisperoxíð yfir leyfilegum mörkum í úrtakinu.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 12.8.2020, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með tannhvítunarefnum sem boðin eru til sölu á vefsíðum sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 577/2013 um snyrtivörur sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur hér á landi. Eftirlitið fór fram 12.8.2020 og var markmið þess að skoða hvort vörur til tannhvítunar sem eru boðnar til sölu til almennings innihéldu vetnisperoxíð yfir leyfilegum mörkum (> 0,1% af heildarþyngd efnablöndu tilbúin til notkunar). Ef vörur til tannhvítunar innihalda vetnisperoxíð eða ígildi þess á bilinu 0,1% - 6% má eingöngu selja þær tannlæknum og skal fyrsta notkunin í hverri notkunarlotu eingöngu framkvæmd af tannlækni eða undir beinu eftirliti hans. Efni sem notuð eru til tannhvítunar og losa vetnisperoxíð eru m.a. *carbamide peroxide*, *6-phthalamido-peroxy-hexonic acid* og *sodium perborat*.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS


Eftirtaldar vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar:

Vara	Strikamerki
White Kiss	426181972837

Carbamide peroxide Whitening Pen	
NuPearl tannhvítun áfyllingarsett	818423028477
NuPearl tannhvítunarpenni	818423028453
NuPearl tannhvítunarsett	818423028460

NuPearl vörurnar innihéldu ekki peroxíð né efni sem losa peroxíð við niðurbrot. Samkvæmt innihaldslýsingu inniheldur tannhvítunarpenninn White Kiss Carbamide Peroxide Whitening pen *carbamide peroxide* sem losar vetnisperoxíð. Þar sem eftirlitið var gert á heimasíðum í kjölfar ábendingareftirlits sem lauk 1. nóvember 2019 þar sem White Kiss Carbamide Peroxide Whitening pen var einnig í úrtaki, var stuðst við fyrri gögn frá framleiðanda þar sem kom fram að losun / styrkur vetnisperoxíðs væri ekki hærra en 0,1% af heildarþyngd efnablöndu tilbúinni til notkunar sem er ekki herra en leyfilegur hámarksstyrkur samkvæmt III. viðauka reglugerðar nr. 1223/2009 um snyrtivörur. Í úrtaki eftirlitsins fannst því engin vara með óleyfilegum styrk peroxíðs á vefsíðunni lyfja.is.

Reykjavík, 22. september 2020



Fífa Konráðsdóttir